

# Fundargerð 78. fundar

## stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2024, fimmtudaginn 7. nóvember kl. 10:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Knútur Emil Jónasson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Kjartan Benediktsson og Kristinn Andersen.

Að auki sat fundinn Gréta Mar Jósépsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Stefnumörkun Samtaka orkusveitarfélaga - 2410001SO

Lögð fram að nýju, stefnumörkun og starfsáætlun Samtaka orkusveitarfélaga sem áður var á dagskrá stjórnar Samtakanna, dags. 30. október 2024, en á fundinum var talið nauðsynlegt að uppfæra viss atriði í stefnumörkuninni og hefur nú verið gert.

Umræða fór fram um stefnumótun og framtíðarplön samtakanna. Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög vinni í takt varðandi orkumál til að tryggja sátt um tekjuöflun sveitarfélaga. Niðurstaðan var að bæta við skjalið upplýsingar um það sem hefur áunnist á undanförunum árum, uppfæra tölur, og birta stefnumörkunina á heimasíðu samtakanna og senda á aðildarsveitarfélögin.

Stefnumörkun samþykkt.

### 2. Fundaáætlun stjórnar - 2410001SO

Lögð var fram áætlun um stjórnarfundi samtakanna fram á vor.

13. desember 2024

17. janúar 2025

21. febrúar 2025

14. mars 2025

Fundaáætlun samþykkt.

### 3. Orkumál - staða og stefna - 2202003SO

Umræða fór fram um viðburð Sambandsins með fulltrúum stjórnsmálaflokkanna fyrir Alþingiskosningar, þar sem áhugavert væri að mæta og kynna samtökin fyrir formönnum flokkanna.

Rætt var um námugiöld í þjóðlendum í tengslum við nýjar virkjunarframkvæmdir, og vinna stendur yfir í tengslum við þessi mál, sem stjórnarmenn vilja fylgjast nánar með. Einnig kom fram umræða um mikilvægi samráðs á milli framkvæmdaraðila og sveitarfélaga á byggingartíma virkjana. Á Haustfundi Landsvirkjunar, haldinn 30. október síðastliðinn, fór Arnór Benónýsson, fyrrum stjórnarmaður í Samtökum orkusveitarfélaga, yfir samráðsferlið vegna Þeistareykjavirkjunar. Knútur hyggst ræða við hann um málið, en hugsanlega gætu Samtök orkusveitarfélaga í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga útbúið leiðbeiningar fyrir sveitarfélög um slíkt samráð.

Fundi var slitið kl. 11:45